

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerða á sviði jafnréttismála.

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir falla brott:

1. Reglugerð um framkvæmd jafnlaunastaðfestingar og eftirlit Jafnréttisstofu, nr. 303/2021, sem sett var með stoð í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020.
2. Reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85, nr. 1030/2017, sem var sett með stoð í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sem og skv. lögum um faggildingu o.fl., nr. 24/2006.
3. Reglugerð um beitingu dagsekta sem Jafnréttisstofa ákveður, nr. 933/2019, sem sett var með stoð í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008.
4. Reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu, nr. 47/2003, sem sett var með stoð í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 33. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, eins og þeim var breytt með lögum um skýrslugjöf um kynbundinn launamun, nr. 53/2026, og 15. gr. laga um stjórnýsly jafnréttismála, nr. 151/2020.

Dómsmálaráðuneytinu, 10. september 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.